

## Fundargerð

### 285. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Miðvikudaginn 29. apríl 2020 kl. 9<sup>00</sup>–10<sup>15</sup>.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Hildur Hauksdóttir (HH)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Eygerður Margrétardóttir (EM)

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

*Samþykkt, án áritunar*

#### 2. Plast

Á síðasta stjórnarfundum var lagt fram erindi frá PNR þar sem óskað var eftir greiðslu frá Úrvinnslusjóði fyrir unnið efni í birgðageymslum. Efnið yrði selt síðar þegar aðstæður á mörkuðum lagast.

*Stjórn samþykkir tímabundið greiðslu til PNR fyrir unnið efni inn á vörulager fyrirtækisins í samræmi við skilyrði sjóðsins um staðfestingar á magni. Samkomulagið gildir þar til sala á plastperlum úr heyrulluplasti hefst á ný en þó ekki lengur en til 1. nóvember 2020.*

#### 3. Spilliefni

Tekið er fyrir erindi til stjórnar þar sem óskað er eftir að Úrvinnslusjóður stofni nýja greiðsluflokka vegna útflutnings á olfumálningu og leysiefnum. Einnig er í erindinu upplýsingar um útflutning á klórefnum, formalíns og freons sem Kalka tekur ekki á móti

Lagt er til að búinn verði til nýr greiðsluflokkur fyrir útflutning á þessum efnum og útflutningur til þessa gerður upp. Auk þess er lagt til að halda fund með þjónustuaðilum og Kölku til að fara yfir stöðuna.

*Samþykkt.*

#### 4. Úrvinnslusjóður

Farið var yfir á fundinum að umhverfis- og auðlindaráðuneytið (UAR) boðaði ÓK á fund fyrir páska þar sem farið var yfir minnisblað um tekjur Úrvinnslusjóðs. Tillaga ráðuneytisins virðist byggja á að breyta lögum sjóðsins í takt við ákvæði laga um opinber fjármál (LOF). Lagt var á fundinum minnisblað ráðuneytisins vegna málsins.

UAR boðaði ÓK og LHG á fund 28. apríl sl. Ráðherra var á fundinum. Þar var rætt um er gerð ársreikninga og meðhöndlun fjármuna er koma vegna álagningar úrvinnslugjalds. Fram kom á fundinum að ráðuneytið vill fá fund með stjórn Úrvinnslusjóðs vegna málsins. Farið var yfir enn

og aftur að brýnt er að loka ársreikningum fyrir árin 2017, 2018 og 2019. Stjórnarmenn ræddu stöðuna. Rætt var hvort að framleiðendaábyrgð væri uppfyllt með skatti líkt LOF geri ráð fyrir.

#### **5. Önnur mál**

ÓK fór yfir að krónan er veikjast og það mun hafa áhrif á kostnað við meðhöndlun á flokkuðum úrgangi og þegar hafa þjónustuaðilar farnir að hafa samband.

Næsti fundur 20. maí 2020 kl. 9:00

Fundi slitið kl. 10.15